



Alþingi
b.t. velferðarnefndar Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Efni: Umsögn húsnæðisteymis Grindavíkurbæjar v/frumvarps til laga um breytingu á lögum um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, nr. 94/2023

Vísað er til þingskjals um málið frá innviðaráðherra. Meginefni frumvarpsins felur í fyrsta lagi í sér framlengingu á gildistíma heimildar til greiðslu sértæks húsnæðisstuðnings til Grindvíkinga um 4 mánuði, þ.e. til loka júní 2024 og hins vegar að úrræðið verði rýmkað að tvennu leyti.

- a) Bætt verður við tveimur flokkum um fjölda heimilismanna, þ.e. 5 í heimili og 6+ í heimili og tilgreind hámarksfjárhæð til samræmis því (2. gr. frumvarpsins)
- b) Þak á hlutfalli sértæks húsnæðisstuðnings verði hækkað úr 75% í 90% (3. gr. frumvarpsins)

Fjöldi heimilismanna: Húsnæðisteymi Grindavíkur tekur undir með höfundum frumvarpsins um nauðsyn þess að taka meira tillit til mannmargra heimila við ákvörðun hámarksstyrks.

Hins vegar vill húsnæðisteymið koma því á framfæri að sú nálgun laganna í núverandi mynd að gera greinarmun á einum og tveimur heimilismönnum (150.000 og 198.000) er oftast en ekki verulega íþyngjandi fyrir einstæðinga. Í því sambandi bendir húsnæðisteymið á að þessar fjölskyldueiningar (1 og 2 heimilismenn) eru oftast en ekki í þörf fyrir sambærilegt húsnæði og þ.a.l. fellur á sambærilegur leigukostnaður.

Þetta á við fullum fetum þegar tveir fullorðnir einstaklingar í parsambandi leigja saman en síður þegar um er að ræða fullorðinn einstakling með barn á framfæri. Í fyrra tilvikinu má ætla að báðir einstaklingar afli tekna og því meira svigrúm af þeirra hálfu til að standa undir leigukostnaði auk þess er rekstur heimilis líklegri til að vera hagkvæmari þegar tveir deila.

Húsnæðisteymið leggur því til að flokkum 1 og 2 í 1. mgr. 13. gr. laganna verði steipt saman þannig að báðar fjölskyldueiningar fái húsnæðisstuðning til samræmis við að um tvo heimilismenn væri að ræða.

Nýtt þak á hlutfalli sértæks húsnæðisstuðnings: Það er yfirlýst markmið frumvarpsins að koma þurfi betur til móts við Grindvíkinga varðandi þess hluta leigufjárhæðar sem þeir greiða fyrir leiguafnot, sbr. 14. gr. laganna. Því er lagt til í frumvarpinu að núverandi þak verði hækkað úr 75% í 90% af húsnæðiskostnaði.

Í þessu sambandi bendir húsnæðisteymið á að ef vilji löggjafans stendur til að takmarka kostnað Grindvíkinga vegna leiguhúsnæðis að þessu marki (90% húsnæðisstuðningur) þá þurfi frekari



breytingar að koma til. Bent er á að í frumvarpinu er ekki hróflað við þeim hámarksfjárhæðum sem liggja að baki fjölda heimilismanna í 1. mgr. 13. gr. laganna (þó bætt sé við stærri fjölskyldueiningum).

Ætla má að löggjafinn hafi við setningu laganna (sem nú er verið að rýmka í þágu Grindvíkinga) reynt að leita jafnvægis á milli hámarksfjárhæða að baki fjöldi heimilismanna í 1. mgr. 13. gr. og hámarksfjárhæðar 1. mgr. 14. gr. laganna (75% af húsnæðiskostnaði vegna viðkomandi húsnæðis). Nánar tiltekið má ætla að hámarksfjárhæðir 1. mgr. 13. gr. með tilliti til fjölda heimilismanna hafi raunverulega átt að endurspeglar 75% af leigukostnaði á grundvelli greiningar á leigumarkaði.

Til að ná því markmiði löggjafans eins og kostur er að húsnæðiskostnaður Grindvíkinga á leigumarkaði nemi 10% af leigufjárhæð (að þak húsnæðisstuðnings verði því sem næst 90%) er nauðsynlegt að hækka hámarksfjárhæðir að baki fjöldi heimilismanna í 1. mgr. 13. gr. samhliða.

Húsnæðisteymi Grindavíkurbæjar leggur því til að fjárhæðir í 1. mgr. 13. gr. verði hækkaðar til samræmis:

Gildandi hámark 1. mgr. 13. gr.	Leigufjárhæð	Tillaga að breyttu þaki 1. mgr. 13. gr. til samræmis 90% reglu 1. mgr. 14. gr.
75%	100%	90%
150,000	200,000.00	180,000.00
198,000	264,000.00	237,600.00
232,500	310,000.00	279,000.00
252,000	336,000.00	302,400.00
272,116	362,821.33	326,539.20
294,000	392,000.00	352,800.00

Reykjavík, Tollhúsinu, 26. janúar 2024

Nökkvi Már Jónsson

Sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðsluviðs